

FORNLEIFAKÖNNUN Á LÓÐ „VAKTARABÆJAR“ VIÐ GARÐASTRÆTI 23



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES.
FS408-08241
UGGI ÆYARSSON
MJÖLL SMÆSDÓTTIR
REYKJAVÍK 2009



FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES. 2009

BÁRUGATA 3

101 REYKJAVÍK

Sími: 5511033

Fax: 5511047

NETFANG: FSI@INSTARCH.IS

HEIMASÍÐA: WWW.INSTARCH.IS

FORNLEIFKAKÖNNUN Á LÓÐ VAKTARABÆJAR VIÐ GARÐASTRÆTI

Í desember 2008 var vélgrafinn skurður á norður- og austurmörkum lóðar Vaktarabæjar við Garðastræti 23 vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni. Með skurðgreftinum var verið að kanna mannvistaleifar sem kynnu að leynast undir sverði. Starfsmaður Fornleifastofnunar Íslands (FSÍ), Howell M. Roberts fornleifafræðingur, ákvað í samráði við framkvæmdaaðila hvar ætti að grafa skurðinn og hann stóð einnig yfir gröfunni á meðan var grafið.

Í ljós komu hleðslur ekki langt undir yfirborði og varð því skurðurinn ekki djúpur. Vegna snjós var ekki hægt um vik að skoða í skurðinn fyrr en dagana 6. – 8. janúar 2009 en þá unnu fornleifafræðingarnir Uggi Ævarsson

og Oddgeir Hansson frá FSÍ að því að hreinsa upp skurðinn, teikna hann ásamt fornleifum og mæla hæðir.


Hér á eftir verður varlega reynt að draga ályktanir af því sem í ljós kom við skurðgröftinn en samkvæmt hlutarins eðli er býsna vandasamt að ætla sér um of í túlkun á menningarminjum tiltekins svæðis útfra einum skurði sem er um 1 m á breidd að jafnaði. Á hinn bóginn fást upplýsingar við slíkan skurðgröft sem ómögulegt er að nálgast á annan máta.

Aftast í greinargerðinni er teikning af skurðinum.

Áður en lengra er haldið skal hér greint frá ritheimildum sem Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur hefur tekið saman um Vaktarabæjarreitinn:



Mynd 1. Uppistandandi hús á Vaktaralóð, horft til SV



Mynd 2. Uppláttur Lottins frá 1836 og skipulagsteikning frá borgarverkfræðingi ofan á

Garðastræti 23 og Grjótabæirnir

Takmarkaðar heimildir eru til um býlið Grjóta, sem var ein af hjáleigum Reykjavíkur. Þær voru allmargar, en yfirleitt skortir upplýsingar um hvernær þær voru fyrst reistar. Þegar Jarðabókin var gerð 1703 í Seltjarnarneshreppi voru hjáleigur Reykjavíkur taldar 8.¹

Fæð heimilda um aldirnar á undan gerir það að verkum að ekki verður sagt um upphaf flestra þessara býla, og annarra í nágrenni Reykjavíkur sem talið er að hafi upphaflega verið hjáleigur þaðan. Það eru bæir eins og Sel, Arnarhóll og Hlíðarhús, en talið er að þau hafi verið orðin lögbýli fyrir 1600.² Þess má geta að við fornleifarannsókn á Arnarhóli 1993 fundust vísbendingar um mannvirki frá því fyrir 1226.³

Ólafur Lárusson hefur fjallað nokkuð um tómthús og hjáleigur í Seltjarnarneshreppi og segir að „ekkert þeirra er ástæða til að ætla, að hafi verið eldra en frá þeim tímum, er ætla má að hjáleigur hafi farið að byggjast til muna, þ.e. á 14. öld.“⁴ Björn Teitsson hefur ályktað að „flestöll býlin í kringum Nes og Reykjavík hafa vafalaust risið upp á 13.-16. öld“, en annars skorti rannsóknir á sögu hjáleigubýggðar í landinu.⁵ Algengt er að fræðimenn telji að hjáleigum fari ekki að fjölga fyrr en á 14. öld.⁶

Um hjáleiguna Grjóta er því eins og um önnur sambærileg býli, að um hana skortir aðgengilegar heimildir. Í nýlegri sögu Reykjavíkur er getið um þjófnáðarmál sem upp kom árið 1699 og nokkrir íbúar í Grjóta voru viðriðnir.⁷

Samkvæmt Jarðabók, sem gerð er árið 1703 fyrir Seltjarnarneshrepp, þá var ábúandi í Grjóta Jón

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kaupmannahöfn 1923-24, bls.261-267.

² Ólafur Lárusson „Hversu Seltjarnarnes byggðist“. Byggð og saga, Reykjavík 1944, bls. 99.

³ Ragnar Edvardsson, Arnarhóll, fornleifarannsókn 1993. Skýrslur Árbæjarsafns XXXIX, Reykjavík 1994. bls. 8. Sami, „Fornleifar á Arnarhóli“, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1994, bls. 22.

⁴ Ólafur Lárusson „Hversu Seltjarnarnes byggðist“. Byggð og saga, Reykjavík 1944, bls. 121.

⁵ Björn Teitsson „Byggð í Seltjarnarneshreppi hinum forna“, Reykjavík í 1100 ár, Reykjavík 1974, bls.87-88.

⁶ Sjá t.d. Björn Teitsson og Magnús Stefánsson: „Um rannsóknir á íslenskri byggðarsögu“, Saga 1972, bls. 177.

⁷ Þorleifur Óskarsson: Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870, fyrri hluti, bls. 84)

Þorvaldsson og sagðir 4 heimilismenn og fimmta húskona, sem „fæddi sig sjálf“.⁸

Af elstu kortum af Reykjavík verður lítið ráðið um Grjótabæinn. Hann sést ekki korti Hoffgaards frá um 1715, enda er það ekki nákvæmt um smáatriði, og á korti Lievaags frá 1787 er Grjóti hins vegar sýndur sem torfbær.

Á korti Victors Lottin frá 1836 má sjá nokkur hús sem talin eru „*habitations Islandaises en pierre et tourbe Bær*“ á þessum slóðum, þar af er eitt sem virðist á mjög svipuðum stað og Garðastræti 23. Norðan við það og austan við það eru sýndir hjallar. Af mælikvarða með kortinu er helst að sjá að húsið hafi verið um 30 fet (Piede) að lengd, eða um 9 m. Að öðru leyti verður fátt um það sagt. Í manntali 1835 eru talin sjö heimili í Grjótabæjunum og 35 manns eiga þar heima.⁹

Jón Helgason biskup er mikið ritaði um sögu Reykjavíkur telur að Grjótabæirnir hafi verið orðnir fimm um aldamótin 1800. Hann telur upp nöfn þeirra eins og þau voru þá: Vaktarabærinn, Helgabær, Ásmundarbær, Reykdalsbær og Hóllinn. Bæjarnöfn þessi tóku stundum breytingum, enda voru bæirnir gjarnan nefndir eftir ábúendum.¹⁰

Á uppdrætti eftir Ohlsen og Aanum frá 1801 eru sýnd bæjarhús í Grjóta, ein bæjarhúsamstæða sem er stærst og sex minni hús nærri (þó að þau hafi líklega ekki öll verið talin til Grjótabæjanna). Ekki er hægt að sjá hvers konar hús þetta eru, hver þeirra hafa verið til íbúðar og hvort einhver hafa verið til einhverra annarra nota.

Af því sem segir í skýrslu Árbæjarsafns um Grjótaþorp (1977) stendur það hús sem nú er á lóðinni þar sem var pakkhús við einn Grjótabæjanna, svonefndan Vaktarabæ. En síðar var pakkhúsi þessu breytt í íbúðarhús um 1880. Árið 1856 lengdi Guðmundur Gissurarson (sem bjó í Vaktarabæ) pakkhús á lóðinni og er líklega sama húsið.

Klemens Jónsson segir að Grjóti hafi verið fyrsta hjáleiga Reykjavíkur sem rann inn í þéttbýlið. „Grjóti hvarf fyrst inn í bæinn, eða lagðist niður sem hjáleiga, þar næst Götuhús, en hinar hjeldust við fram undir síðustu aldamót,“¹¹.

Þegar Grjótaþorpsskýrsla Árbæjarsafns var gerð hafði ekki verið búið í húsinu Garðastræti 23 í 14 ár, eða frá því uppúr 1960.¹²

Af athugun á hinum eldri Reykjavíkurkortum má ráða að líkur eru á minjum frá Grjótabæjunum á lóðum við Grjótagötu vestanverða, sérstaklega norðan hennar. Þetta eru einkum lóðirnar Grjótagata 12 og 14 og Garðastræti 23 og 25, en svæðið er þó örugglega nokkru stærra en þær.

⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kaupmannahöfn 1923-24, bls. 264.

⁹ Þjóðskjalasafn Íslands, www.archives.is manntalsgrunnur, manntal 1835.

¹⁰ Jón Helgason, *Reykjavík 1786-1936* Reykjavík 1937, bls. 39-40. Sami: „Þegar Reykjavík var fjórtán vetra“. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta V*. Reykjavík 1916. bls. 91-93.

¹¹ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur I*, 1929, bls. 27.

¹² Nanna Hermansson o.fl.: *Grjótaþorp 1976*. Reykjavík 1977, bls. 135.

KÖNNUNARSKURÐUR



Mynd 3. Könnunarskurður, suðurhluti. Horft til S



Mynd 4. U-laga mannvirki, undirstöður kjallara, og stéttin fjær. Horft til A



Mynd 5. Steinlögð stétt. Horft til N

Skurðurinn sem tekinn var í desember 2008 er á norður- og austurmörkum lóðarinnar, um 12,5 m á lengd N-S og að lágmarki 1 m á breidd. Norðan við uppstandandi hús á Vaktarabæjarlóðinni varð skurðurinn um 2 m á breidd og helgaðist það af minjunum, undirstöðu undir byggingu: u-laga grjóthleðsla sem opin er til vesturs (vesturhliðin gæti komið í ljós ef skurðurinn yrði grafinn lengra til vesturs). Inni í u-laga mannvirkinu – að sunnanverðu – var steinkolalag (brúnt á teikningu) þar sem fannst lítil kolaskófla. Norðan við kolalagið er svo ljósbrún mold með viðarkola- og skeljaleifum í (appelsínugult á teikningu). Þetta lag náði meira og minna yfir allan norðurhluta skurðarins og var lagið ekki grafið í burtu vegna mannvistarleifanna sem í því eru. Í norðausturhorni skurðarins – austan við u-laga hólfíð – er steinlögð stétt (rauð á teikningu) en á milli þessarra tveggja mannvirkja er upp- eða niðurstig hvar gengið hefur verið af stéttinni, ef að líkum lætur, og niður í hugsanlegan kolakjallara. Svo gæti vel verið að stéttin hafi verið undir þaki því hún situr býsna djúpt. Fast utan við (austan) er svo einföld steinaröð sem liggur samsíða skurðinum, N-S. Þessi steinaröð virðist vera lögð þétt upp að steinlögnum en er heldur lægri og því ekki úr vegi að álykta sem svo að um

einhverskonar drenlögn sé að ræða. Eins og sakir standa er ekki hægt að fjölyrða um byggingar- eða notkunarskeið þessarra tveggja mannvirkja, „kolagryfjunnar“ og stéttarinnar. Til þess þyrfti að grafa meira.


Eftir því sem sunnar dregur í skurðinn fara hleðslur að stjrálast en þó er steinaröð sem nær langleiðina eftir austurhlíð skurðarins en gengur út úr honum, til austurs, alveg syðst.

Um 45° út frá norðausturhorni uppistandandi húss, hefur steypu verið klastrað ofan á grjóthleðslu. Um 2 m, 90° til norðurs frá NA-horninu er stöndugri steypdur veggur, um 1,8 m á lengd N-S. Samhengið á milli þessarra tveggja veggstubba er ekki augljóst en þó verður að teljast líklegt að þeir hafi verið steypdir á sama tíma. Einnig liggur samband veggjanna við uppistandandi hús ekki ljóst fyrir þótt það gefi auga leið að veggirnir hafi verið steypdir seinna en húsið var byggt. Hugsanlega er hér vísir að viðbyggingu en einkennilegt er að steypuveggurinn skuli ekki ná lengra til suðurs ef um viðbyggingu er að ræða. Vissulega gæti verið búið að moka honum burt þótt hann hafi verið lengri. Þar sem veggnum sleppir að sunnan eru 3 múrsteinar í steypunni og gæti þar hafa verið inngangur, fast sunnan við steypa stubbinn sem enn stendur. Fyrir utan nokkra steina í suðurhuta skurðarins virðist jarðvegurinn þar fremur einsleitur, þ.e. ekki eru miklar mannvistarleifar að sjá. Ekki er loku fyrir það skotið að slíkar leifar kæmu í ljós, á suðursvæðinu, ef dýpra væri grafið.

Að svo stöddu er erfitt að ákvarða aldur mismunandi mannvirkja eða „bátta“ á svæðinu en það er ljóst – og skyldi engan undra sem lítur á gömul kort af svæðinu – að mikið er af mannvirkjum á Vaktarabæjarlóðinni.

Nokkrir gripir komu fram við skurðgröftinn og hreinsun og eru það nokkur bein, leirkersbrot, járnlöm og annað slíkt sem er dæmigert fyrir hversdagshluti frá seinnihluta 19. og fyrrihluta 20. aldar. Blýsökkur voru í nokkru magni í grasinu á lóðinni. Gripimir láta ekki í té mikla sögu um starfsemi í húsinu í fortíðinni enda þess ekki að vænta þegar svo grunnt er grafið á svæði þar sem greinilega hefur verið byggt þétt á íslenskan mælikvarða og rask eftir því.

Reiturinn við Garðastræti 23 verður að teljast spennandi rannsóknarefni því ekki hefur verið grafið neitt að ráði í nágrenni við lóðina, þ.e.a.s. uppi á brekkubrúninni. Talsvert hefur hinsvegar verið grafið undir brekkunni eins og þekkt er.



Mynd 6. Teiknaður könnunarskurður og útlínur húss